

**ÁKVÖRÐUN SAMEGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 43/2011**

2011/EES/37/37

**frá 1. apríl 2011**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

**SAMEGINLEGA EES-NEFDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN**

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2010 frá 10. nóvember 2010 (¹).
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB frá 8. júní 2009 um ítarlega túlkun á flugstarfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (²).

**ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:**

*I. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21ap (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/381/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21apa. **32009 D 0450:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/450/EB frá 8. júní 2009 um ítarlega túlkun á flugstarfseminni sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjórið. ESB L 149, 12.6.2009, bls. 69).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/450/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameginlegu EES-nefndinni (\*), eða gildistökudag ákvörðunar sameginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2011 frá 1. apríl 2011 um að fella tilskipun 2008/101/EB inn í samninginn, hvort sem ber upp síðar. Hafi ákvörðun sameginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2011 frá 1. apríl 2011 þegar öðlast gildi og tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi ekki borist, skal ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameginlegu EES-nefndinni.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameginlegu EES-nefndarinnar

*Gianluca Grippa*

starfandi formaður.

(¹) Stjórið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 84, og EES-viðbætir við Stjórið. ESB nr. 12, 3.3.2011, bls. 29.

(²) Stjórið. ESB L 149, 12.6.2009, bls. 69.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.